



Hreppsnefnd 25.03.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 25.mars 2003

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 25. mars 2003 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson oddviti, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn H. Sigurbjörnsson, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Aðalbjörn Björnsson og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Á miðjum fundi vék Björn H. Sigurbjörnsson af fundi og Borghildur sverrisdóttir tók við sæti hans.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 6. mars sl.

Fundargerðin frá 6. mars sl. lögð fram. Fram kom fyrirspurn frá Birni Halldórssyni um úthlutun byggðakvóta sbr. 7. tl. fundargerðarinnar. Oddviti gerði grein fyrir stöðu málsins. Björn Halldórsson sagðist einnig vera sammála bókun Steindórs Sveinssonar í 12. tl. varðandi ferð sveitarstjóra og oddvita á fund samgöngunefndar Alþingis og taldi að sveitarstjórnin hefði átt að sína samstöðu með því að senda fulltrúa allra framboðanna á fundinn.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 13. mars sl.

Fundargerðin frá 13. mars sl. lögð fram til kynningar og afgreidd með örfáum fyrirspurnum.

3.mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 13. mars. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum fundargerðarinnar. Síðan urðu nokkrar umræður um fundargerðina og kom þar fram að hreppsnefndarmenn höfðu nokkrar áhyggjur af því hve erfitt væri að koma nýjum atvinnutækifærum á koppinn, þrátt fyrir að mikil vinna hefði verið lögð í ákveðin verkefni. Jafnframt kom fram að nauðsynlegt væri að vinna áfram að framgangi verkefnanna.

4. mál. Fundargerðir bygginganefndar frá 20. mars. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir 2. tl.

fundargerðarinnar. Einnig kom fram fyrirspurn um brunavarnir í Kaupvangi, sem Björn Heiðar slökkviliðsstjóri svaraði.

5. mál. Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg eitt. Bréf Vegagerðarinnar frá 12. mars. sl.

Oddviti gerði grein fyrir því að stuttu fyrir fund hreppsnefndear hafi honum verið afhentir undirskriftarlistar af áhugamönnum um vegtengingu við þjóðveg eitt um Hofsárdal. Alls rituðu um 350 einstaklingar frá Vopnafirði, Bakkafirði og víðar á listana.

Jafnframt kynnti oddviti bréf sem borist hefðu hreppsnefnd eftir að dagskrá fundarins hafði verið send út. Bréfin eru frá stjórn Veidifélags Hofsár og Sunnudalsár og þremur ábúendum við Hofsá, þar sem fram kemur að bréfitarar setja sig ekki á móti veglínu sunnan Hofsár, sem liggur fjær ánni og ofar en þær leiðir sem best hafa verið kannaðar. Einnig lagt fram bréf frá Gunnólfi ehf.

Bakkafirði, þar sem mælt er með tengingu upp Hofsárdal.

Að því búnu kynnti oddviti svofellda tillögu meirihluta hreppsnefndar ásamt greinargerð, sem byggir á tillögu Vegagerðarinnar um tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg eitt, sem fram kemur í bréfi hennar frá 12. mars sl.:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir tillögu Vegagerðarinnar, sem fram kemur í bréfi dags. 12. mars sl., en þar er mælt með að valin verði svokölluð Hofshálsleið sem tenging

Vopnafjarðar við Þjóðveg eitt.

Tillaga þessi byggir á faglegu mati Vegagerðarinnar, þar sem fram kemur að leiðin sé síst verri kostur en leiðir um Hofsárdal. Á næstunni mun Vegagerðin vinna enn frekar að rannsóknum, gagnaöflun og frekari útfærslu tillagnanna sem verður grundvöllur að matsskýrslu Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar. Á grundvelli niðurstöðu Skipulagsstofnunar verður endanleg ákvörðun tekin. Jafnframt tekur hreppsnefnd undir þau sjónarmið Vegagerðarinnar að í framtíðinni er stefnt á jarðgöng undir Hellisheiði eystri til þess að fá góða og örugga tengingu við Hérað. Slík framkvæmd myndi hafa mikil áhrif á byggða- og atvinnuþróun byggðarlaganna sitt hvoru megin Smjörfjalla.”

Greinagerð:

Á undanförunum árum hefur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps unnið ötullega að því að fá nútímalega vegtengingu um Hofsárdal við Þjóðveg eitt. Jafnframt hefur hreppsnefndin verið einhuga um að tengjast með varanlegum hætti við Hérað með jarðgöngum undir Hellisheiði. Upphaflegar kostnaðartölur við tengingu inn á Þjóðveg eitt voru 700 – 800 m.kr. Nú liggur fyrir eftir nánari rannsóknir að tenging um Hofsárdal kostar að lágmarki 1.350 m.kr. Eftir að ljóst var að um slíkan kostnað er að ræða hefur komið fram hjá ráðamönnum að líkur á að ráðist verði í jarðgöng á næstu árum yrðu hverfandi ef þessi leið verður valin. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps telur það vera skyldu sína sem kjörinna fulltrúa byggðarlagsins að gæta hagsmuna þess m.a. með því að vinna að samgöngubótum sem hafa sem jákvæðust áhrif á þróun byggða- og atvinnumála sveitarfélagsins. Jarðgöng undir Hellisheiði er sú framkvæmd sem að mati sérfræðinga er hin endanlega lausn á vetrareinangrun Vopnfirðinga, samanber umsögn Byggðastofnunar frá 1. sept. 1997, sem Skipulagsstjóri ríkisins bað um í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna hringvegjar úr Langadal að Ármótaseli.

Þá knýja þær gífurlegu framkvæmdir sem ákveðið hefur verið að ráðast í á Mið – Austurlandi á að Vopnfirðingar hafi greiðan aðgang og verði þar með þátttakendur í því mikla uppbyggingarstarfi sem framundan eru á þessu svæði.

Slíkt er og í fullu samræmi við sjónarmið Byggðastofnunar um uppbyggingu sterks byggðakjarna á Mið-Austurlandi.

Vegagerðin hefur unnið að því að bera saman kosti og galla þeirra leiða sem til skoðunar hafa verið á tengingu Vopnafjarðar með nútímalegum hætti við Þjóðveg eitt. Eins og kunnugt er hafa helst verið til skoðunar leiðir annars vegar um Hofsárdal og hins vegar um Vesturárdal og um Hofsháls yfir í Hofsárdal.

Með bréfi Vegagerðarinnar frá 12. mars sl. leggur hún til að valin verði leiðin um Vesturárdal og Hofsháls. Tillaga Vegagerðarinnar byggir á því að þessi leið er síst verri kostur sem framtíðartenging Vopnafjarðar við hringveginn, heldur en leiðir um Hofsárdal. Jafnframt er hún að lágmarki 450 m.kr. ódýrari.

Í bréfi Vegagerðarinnar færir hún rök fyrir því af hvaða ástæðum Vesturárdals leiðin um Hofsháls er valin. Þar koma fram margvísleg rök fyrir því að að þessi leið er talin jafngóður og jafnvel betri kostur en Hofsárdalsleiðin. Ennfremur er ljóst að unnt verður að taka 1. áfanga þeirrar leiðar, rúma 11 km., í notkun 2005 eða 2006 og afgang leiðarinnar mun fyrr en ef Hofsárdalsleiðin yrði valin, auk þess að vera mun ódýrari en hin leiðin. Ekki er unnt að áfangaskipta Hofsárdalsleiðinni og er því ljóst að ekki er mögulegt að taka neinn kafla hennar í notkun fyrr en hún er öll fullbúin.

Þá stefna samgönguyfirvöld að því að jarðgöng verði gerð undir Hellisheiði, sem leysi á bestan hátt heilsárstengingu Vopnafjarðar við Hérað.”

Miklar umræður urðu um málið og lagði minnihluti hreppsnefndar, þeir Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson fram eftirfarandi tillögu:

“ Við leggjum til að afgangi á hugmyndum Vegagerðarinnar um tengingu Vopnafjarðar við hringveginn (sbr. bréf dags. 12/3) verði frestað þar til þekking manna á málinu er orðin meiri en hún er í dag.”

Fram kom hjá fulltrúum meirihluta hreppsnefndar að þeir teldu rétt að fara að þeirri tillögu að leið sem Vegagerðin hefur mælt með að verði farin og rökstuddu það og bentu á að sú leið, eins og Vegagerðin segir, væri jafngóð eða betri heldur en leið um Hofsárdal og væri jafnframt 450 m.kr. ódýrari og muni nýttast mun fyrr. Þá kom það skírt fram hjá fulltrúum meirihlutans að verði valin jafn dýr leið inn á þjóðveg eitt eins og vegur um Hofsárdal er muni það hafa áhrif til seinkunnar á gerð jarðganga undir Hellisheiði, en tenging Vopnafjarðar við Hérað með þeim hætti er sú aðgerð sem mest áhrif hefur á þróun byggðar í Vopnafirði til framtíðar.

Fulltrúar minnihlutans mæltu með að farin yrði leið um Hofsárdal eins og fyrri samþykktir hreppsnefndar ganga út á og bentu í því sambandi á undirskriftarlista sem áður er getið og ályktun kynningarfundar frá í desember sl. Jafnframt óskuðu þeir eftir að afgreiðslu málsins yrði frestað eins og fram kemur í tillögu minnihlutans. Einnig kom fram hjá þeim að ekki mætti blanda umræðu um jarðgöng saman við umræðu við tengingu við þjóðveg eitt.

Að loknum miklum umræðum bar oddviti fyrst upp tillögu minnihlutans og var hún felld með 5 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.

Því næst bar hann upp tillögu meirihlutans og var hún samþykkt með 5 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.

Þá lögðu fulltrúar minnihlutans Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson fram svofelldar bókanir: Bókun 1

“Við umdirritðir mótmælum harðlega þeim ólýðræðislegu og ófaglegu vinnubrögðum sem fram koma í samþykkt meirihluta sveitarstjórnar um samgöngumál þann 25/3 2003 þar sem samþykkt er tillaga sú um framtíðar tengingu Vopnafjarðar við hringveginn er fram kemur í bréfi, dags. 12. mars 2003, Einars Þorvarðarsonar umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Austurlandi.

Við teljum vinnubrögðin ólýðræðisleg þar sem:

§ Meirihluti hreppsnefndar hefur ekki haft neitt samráð eða upplýst minnihlutann um áherslubreytingar sínar og rök fyrir þeim.

§ Meirihlutinn hefur hundsað með eftirminnilegum hætti samþykkt borgarafundar frá 11/12 2002 þar sem nær einróma var samþykkt tillaga unnin af oddvita og sveitarstjóra um að leggja beri alla áherslu á að valin verði leiðin um Hofsárdal þegar framtíðartenging við hringveginn verði valin.

§ Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps um þessa breytingu á afstöðu meirihluta.

§ Fyrir liggja umdirskriftalistar með um 350 nöfnum þar sem hvatt er til þess að sveitarstjórn haldi fast við sín fyrri áform um að krefjast lagningu vegar um Hofsárdal.

Við teljum vinnubrögðin ófagleg þar sem:

§ Engin efnisleg rök hafa komið fram í málinu frá því það var kynnt í sveitastjórn og á opnum borgarafundi 11/12 2002.

§ Báðar leiðir eru lítið rannsakaðar, Hofshálsleiðin þó sínu minna, af Vegagerðinni.

§ Stuðst er við þann hræðsluáróður að val á dýrara vegstæðinu útiloki um alla framtíð möguleika á jarðgöngum undir Hellisheiði.

§ Það hlýtur að vera skylda sveitastjórnar á hverjum tíma að krefjast af ríkisvaldinu þeirra bestu lausna sem í sjónmáli eru fyrir íbúa sveitarfélagsins.

§ Háskólinn á Akureyri mun skila skýrslunni “Bættar samgöngur fyrir Vopnfirðinga. Áhrif á samfélag og byggð” innan tveggja mánaða eða jafnvel enn fyrr.

Af framangreindum ástæðum teljum við að fresta hefði átt afgreiðslu þessa máls um nokkrar vikur.

Bóknun 2

Vegna væntanlegrar tengingar Vopnafjarðar við hringveg.

“Frá Hölná um Hofsárdal út að Teigi eru um það bil 25-30 km og frá Tunguá út að Hofi eru 14 km og er sá hluti tæplega helmingur af heildarlengd nýbyggingar. Þessir 14 km eru allir í 60-70 metra hæð yfir sjávarmáli og fer í 110 metra hæð inn við Tungusporð, þetta er því vegalagning á láglandi.

Hofshálsleið er í 260 metra hæð út í miðri sveit og lægst í 220-230 metra hæð í Vesturárdal. Efsta leiðin sunnan Hofsár er öll um 130-150 metrum lægri yfir sjó heldur en leiðin um Hofsháls og að sjálfsögðu miklu styttri í þeirri hæð, vegna þess hve lengi er farið á láglandi inn dalbotninn. Þetta er mikill hæðamunur í nútímavegalagningu og hlýtur tvímælaust að teljast betri kostur að hafa helming leiðarinnar á láglandi og hinn helminginn í mun minni hæð en hæsti hluti leiðar um Hofsháls”

Síðan lagði meirihlutinn fram svofellda bókun:

“ Þær upplýsingar sem fram koma í yfirskrift undirskriftarlistanna eru að okkar álit mjög villandi og geta gefið tilefni til að álíta að fagleg sjónarmið séu ekki fyrir hendi í núverandi tillögum Vegagerðarinnar. Þá er ekkert upplýst um framkvæmdahraða, kostnað og annað sem eðlilegt er að komi fram þegar mat á leiðum, sem til greina koma við tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1, er til skoðunar. Án þess að vanmeta undirskriftarlistann er ljóst að hann getur ekki verið sveitastjórn til leiðsagnar í þessu máli.”

3. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Fundargerð launanevndar sveitarfélaga frá 12. mars. sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundur haldinn í Svalbarðsskóla varðandi fjallskilamál á Hólsfjöllum.

Fundargerðin lögð fram og málinu vísað til landbúnaðarnefndar.

c) Listskreyting í nýrri Norrönu. Bréf SSA frá 11. mars. sl. og Austfars frá 19. feb. sl.

Samþykkt að Vopnafjarðarhreppur taki þátt í kostnaði við listskreytingu með sambærilegum hætti og önnur aðildarsveitarfélög.

d) Kvenfélagasamband Íslands styrkbeiðni. Bréf dags. 6. mars. sl.

Bréf sambandsins frá 6. mars sl., þar sem óskað er eftir styrk lagt fram.

Sveitarstjóra og oddvita falin afgreiðsla málsins.

e) Bréf bæjarstjóra Austur-Héraðs ásamt ýmsum gögnum varðandi viðræður í svokölluðu Norðursvæðisverkefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.